

---

# ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2021-2022

---

DRÖG



# ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2021-2022

lögð fram á 44. aðalfundi Félags íslenskra landslagsarkitekta

Þriðjudaginn 10. maí 2022 í Grósku, Bjargargötu 1

## Efnisyfirlit

1.	Félagið og verkaskipting	4
2.	Stjórnarfundir FÍLA	8
3.	Fulltrúaráðsfundur FÍLA	8
4.	Félagsfundir og viðburðir FÍLA	8
5.	Norrænir fundir	9
6.	IFLA Alþjóðlegt samstarf	9
7.	Aðrir viðburðir	10
8.	Félagsmenn og nýliðun	10
9.	Umsókn LBHÍ um viðurkenningu á Bsc námi hjá IFLA Europe	10
10.	Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál	11
11.	Kynningarmál	11
12.	Samráð, samstarf og samskipti	12
13.	Verðlaun og viðurkenningar	13
14.	Miðstöð Hönnunar og Arkitektúrs	13
15.	Siðanefndarmál	14
16.	Framtíðarsýn og næstu verkefni	14
17.	Viðaukar:	15
I.	DAGSKRÁRNEFND FÍLA	16
II.	LAGANEFND FÍLA	17
III.	SAMKEPPNISNEFND FÍLA	17
IV.	MENNTANEFND FÍLA	18
V.	IFLA FULLTRÚI	19
VI.	FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ	20
VII.	ORÐANEFND FÍLA	21
VIII.	GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA	22
IX.	SIÐANEFND FÍLA	22

**Stjórn FÍLA**

*Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður*

*Gunnar Gunnarsson, ritari*

*Dagbjört Garðarsdóttir, gjaldkeri*

*Ragnar Frank Kristjánsson, meðstjórnandi*

*Marta María Jónsdóttir, meðstjórnandi*

ÁRSMÁLSTU

## 1. Félagið og verkaskipting

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins.

### A. Skipan stjórnar

#### Stjórn 2021-2022:

Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður

Gunnar Gunnarsson, ritari

Dagbjört Garðarsdóttir, gjaldkeri

Ragnar Frank Kristjánsson, formaður menntanefndar og meðstjórnandi

Marta María Jónsdóttir, formaður dagskrárnefndar og meðstjórnandi

### B. Fastanefndir – hlutverk, markmið og skipan starfsárið 2021-2022

Kallað var eftir skýrslum nefnda og eru þær sem bárust í viðauka aftast í skýrslu stjórnar.

#### Dagskrárnefnd:

Hlutverk dagskrárnefndar er að skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundi ofl. tengt þeim.

Nefndina skipa:

Marta María Jónsdóttir  
Ulla Rolfsigne Pedersen  
Halla Hrund Pétursdóttir  
Gunnar Kári Oddsson

#### Samkeppnisnefnd:

Annast tengslamál innan félagsins og utan og kynnir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Samkeppnisnefnd fer með umboð félagsins í samkeppnum á vegum þess.

Nefndina skipa:

Hlín Sverrisdóttir  
Björn Ingi Edvardsson  
Ólafur Melsted

#### Laganefnd:

Fjallar um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Nefndina skipa:

Ingvar Ívarsson  
Arnar Birgir Ólafsson  
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir

#### **Menntanefnd:**

Nefndin fer með menntamál landslagsarkitektastéttarinnar, umsjón með inntöku nýrra félaga í FÍLA. Heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta.

Nefndina skipa:

Ragnar Frank Kristjánsson  
Guðmundur Rafn Sigurðsson  
Hildur Dagbjört Arnardóttir

#### **C. Nefndir um afmörkuð málefni.**

##### **Orðanefnd:**

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengiliður FÍLA við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans.

Nefndina skipa:

Auður Sveinsdóttir (sagði sig úr nefndinni 2021)  
Áslaug Traustadóttir  
Stefán Jónsson  
Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir

##### **Siðanefnd:**

Fer með siðferðileg álitamál sem upp koma. Sker úr um ágreining samkvæmt ákvæðum siðareglna félagsins.

Nefndina skipa:

Pórólfur Jónsson  
Erla Bryndís Kristjánsdóttir  
Guðmundur Rafn Sigurðsson  
Áslaug Traustadóttir

#### **Skoðendur reikninga FÍLA:**

Samkvæmt lögum félagsins.

Skoðendur starfsárið 2021-2022:

Finnur Kristinsson  
Þórólfur Jónsson

## D. Vinnuhópar / verkefnastjórnun:

### Hönnunarmars 2022

Hönnunarmars árið 2021 var haldinn seint, eftir aðalfund í fyrren og tók FÍLA þátt í málstofu ásamt AÍ og FHI þann 19. maí 2021, sem bar titilinn

*Er hægt að hanna heilsu?*

*Manngert umhverfi og lífsgæði*

Verkefnastjóri var Gerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri AÍ.

Vegna Covid-19 var fyrirlestrunum streymt. Fyrirlesarar voru bæði innlendir og erlendir:

Magnús Bjarklind skruðgarðyrkjumeistari

Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir vöruhönnuður og BS í umhverfisskipulagi

Anna Sigríður Jóhannsdóttir arkitekt

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir innanhúsarkitekt og lýsingarhönnuður

Jakob Brandtberg Knudsen arkitekt og forseti arkitektúrdeildar Kbh

Jill Pable innanhúsarkitekt

Hönnunarmars var síðan haldinn vikuna 4. – 8. maí 2022. Undanfarin tvö ár hefur FÍLA verið í samstarfi við önnur félög varðandi sýningu eða ráðstefnu en að þessu sinni var félagið ekki með viðburð á Hönnunarmars. Í þess stað stóð FÍLA fyrir dagskrá undir yfirskriftinni Fótspor í landslagi – Dagur íslensks landslagsarkitektúrs, sem haldinn var 28. mars 2022.

Einstaklingar og fyrirtæki geta tekið þátt í Hönnunarmars og var umsóknarfrestur 1. nóvember 2021. Félagsmenn aðildarfélaganna gátu fengið afslátt á þátttökugjöldum til 1. október 2021.

Þátttaka landslagsarkitekta, bæði sem félag og einstaklingar/fyrirtæki mætti vera meiri og væri gott að taka félagsfund snemma í haust og fara yfir þau mál.

### Netumsjón og heimasíðan

Ritari FÍLA sér um heimasíðu og netumsjón. Ný heimasíða Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs opnaði í maí 2020. Þar er gert ráð fyrir að fagfélögin geti hýst sínar heimasíður. Einnig var þar opnað fyrir skráningar einstakra félagsmann. **xx félagar hafa skráð sig**

### Evrópski landslagssáttmálinn (ELC) Landslagssamningur Evrópu

Tengiliður félagsins við stjórnvöld og opinberar stofnanir vegna kynningar á sáttmálanum. Íslensk stjórnvöld skrifuðu nýlega undir samninginn. Hann má finna á eftirfarandi síðu:

<https://www.coe.int/en/web/landscape/text-of-the-european-landscape-convention>

Fulltrúar starfsárið 2021-2022:

Einar E. Sæmundsson  
Auður Sveinsdóttir

### **Garðsöguhópur.**

Hópurinn hefur nú unnið sér sess sem fastanefnd innan FÍLA og gaf á út árið 2020 skýrsluna *Garðar lifandi minjar*, sem er árangur nokkurra ára vinnu og byggir á viðamikilli heimildasöfnun um garða og varðveislu þeirra. Nefndin hefur samskipti við Minjastofnun varðandi varðveislu og friðun garða samkvæmt lögum um minjavernd. Unnið er að friðlýsingunni og verndaráætlunum fyrir þau svæði sem verða friðlýst.

Fulltrúar starfsárið 2021-2022:

Einar E. Sæmundsen  
Auður Sveinsdóttir  
Ásta Camilla Gylfadóttir  
Þórhildur Þórhallsdóttir

*Sjá nánar skýrslu Garðsöguhóps í viðauka*

### **Fulltrúi FÍLA í ritstjórn danska tímaritsins Landskab**

Fulltrúar starfsárið 2021-2022:

Ulla R. Pedersen

### **E. Fulltrúar FÍLA í stjórnnum utan félags**

#### **IFLA - fulltrúi**

FÍLA hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaga, þ.e. IFLA Europe og IFLA World. IFLA-fulltrúi FÍLA er Fríða Björg Eðvaldsdóttir og er hún tengiliður félagsins við IFLA og IFLA Europe.

### **Fulltrúi FÍLA í Miðstöð Hönnunar og arkitektúrs**

Hönnunarmiðstöð Íslands var sett á laggirnar 15. janúar 2008. Hönnunarmiðstöð er sameiginlega í eigu hönnunarfélaganna á landinu. Mikil gróska hefur verið í starfseminni frá stofnun þess. Fulltrúi FÍLA er Inga Rut Gylfadóttir sem sér um tengsl félagsins við Hönnunarmiðstöðina.

## Sveinsprófsnefnd í skráðgarðyrkju við starfsmenntunarbrot LBHÍ

Hefur umsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa.

Fulltrúi undanfarin ár hefur verið Elízabet Guðný Tómasdóttir

## Fagnefnd skráðgarðyrkjubrotar við LBHÍ

Fulltrúi 2021-2022 er Gunnar Gunnarsson og Ólafur Melsted til vara.

## Stjórn Myndstefs

Fulltrúi 2021-2022 er formaður FÍLA.

## Höfundaréttarráð

Fulltrúi FÍLA er Oddur Hermannsson

## Votlendisráð

Fulltrúi FÍLA í votlendisráði er Guðrún Birna Sigmarsdóttir.

## 2. Stjórnarfundir FÍLA

Haldnir voru 11 stjórnarfundir á starfsárinu 2021-2022 fram að aðalfundi 2022. Flestir fundanna voru fjárfundir en einnig var fundað í Borgartúni og á Kjarvalsstöðum.

## 3. Fulltrúaráðsfundur FÍLA

Enginn formlegur fulltrúaráðsfundur var haldinn í ár.

*Formenn nefnda skipa fulltrúaráð FÍLA sem hittist einu sinni á ári með stjórn til þess að samræma starfsemi FÍLA. Nefndirnar skulu starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn FÍLA ákveður í samráði við viðkomandi nefnd. Starfsreglur skulu staðfestar á félagsfundi.*

## 4. Félagssfundir og viðburðir FÍLA

Enn og aftur litaði Covid-19 faraldurinn starfsárið og vonum við að nú sé því ástandi sé endanlega lokið og eðlilegt dagskrárstarf taki við.

- **15. september 2021 Haustfundur í Grósku.** Magnús Bjarklind sagði frá gróðurveggnum.
- **4. nóvember 2021. Pop-up hittingur** á Jørgensen Kitchen & Bar, undir yfirskriftinni *Einn kaldur á barnum eftir vinnu.*
- **27. október 2021 í Fenjamýri Grósku.** Fundur þar sem fjallað var um samkeppnismál, sagt frá Ifla Europe fundinum í Grenada á Spáni og dagur íslensks landslagarkitektúrs ræddur.



- **4. desember 2020 Jólafundur.** Fundinum var frestað vegna Covid-takmarkana.
- **28. apríl 2022. Fótspor í landslagi - Dagur íslensks landslagsarkitektúrs í ráðstefnusal Grósku.** Erindi fluttu eftirtaldir:

Auður Sveinsdóttir  
Einar Á. Sæmundsen og Þráinn Hauksson  
Lilja Kristín Ólafsdóttir  
Ása L. Aradóttir  
Jóhann Sindri Pétursson  
Þórólfur Jónsson  
Anna Kristín Guðmundsdóttir

- **20. maí 2022 Vorferð.** Dagskrárnefnd hefur skipulagt snekkjuferð, sem verður sambland af fræðslu og skemmtun í lok starfsársins.

## 5. Norrænir fundir

Helstu samstarfsverkefni norrænu félaganna eru eftirfarandi:

- Tilnefningar til IFLA Sir Geoffrey Jellicoe verðlauna
- Stuðningur og tilnefningar til norrænna fulltrúa í IFLA
- Stuðningur og verkefnaval til að auka sýnileika IFLA
- Sameiginleg fagleg umræða

Norrænn fundur var í Kaupmannahöfn 9. september 2021. Íslensku fulltrúarnir, þ.e. formaður, ritari og IFLA fulltrúi voru með á fjarfundi og misstu því af skemmtidagskránni um kvöldið!

Næsti fyrirhugaði fundur verður haldinn í Finnlandi **xx** 2022

Næsti norræni fundur á Íslandi og ráðstefna er fyrirhugaður 2023

## 6. IFLA Alþjóðlegt samstarf

### IFLA Europe

Fundur IFLA Europe var haldinn í Granada á Spáni. Fríða Björg Eðvarðsdóttir IFLA fulltrúi sótti fundinn en einnig Hermann Georg Gunnlaugsson, en hann situr í stjórn IFLA Europe.

Minum á nýja heimasíðu IFLA Europe, og er slóðin [www.iflaeurope.eu](http://www.iflaeurope.eu).

Ísland átti að hýsa IFLA Europe fundinn árið 2020 en vegna Covid-19 var sá fundur haldinn á netinu. Íslandi hefur verið boðið að halda fundinn árið 2028, en þá verður FÍLA 50 ára og er það vel við hæfi.

## 7. Aðrir viðburðir

- 12. ágúst 2021 Borgarabókasafninu í Árbæ. Árbæjarlónið sem var, vatnslitamyndir eftir Reyni Vilhjálmsson.
- 26. mars 2022 var haldinn svokallaður skyndifyrirstur á vegum Deildar skipulags og hönnunar við LBHÍ og FÍLA, í Fenjamýri, Grósku. Peter Hemmersam Prófessor in Urban and Landscape studies at AHO The Oslo School of Architecture and Design.

## 8. Félagsmenn og nýliðun

Félagsmenn í FÍLA við lok starfsársins 2021-2022 eru samtals 94.

Fjöldi fullgildra félagsmanna án undanþága er 70 (þ.e. þeir sem greiða C og D-gjald teljast ekki með í þeirri tölu og telst vera opinber fjöldi félagsmanna FÍLA innan IFLA). Neðangreindar upplýsingar hér í töflunni fyrir árið 2020 miðast við 27. apríl 2020.

Skipting:	2022	2021	2020	2019	
· <b>A-gjald</b> er fullt félagsgjald	<b>70</b>	68	68	67	félagsmenn
· <b>B-gjald</b> er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.	4	4	4	4	félagsmenn
· <b>C-gjald</b> er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt: - félagar sem eru búsettir erlendis. - nýir félagar fyrstu tvö árin eftir útskrift. - félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds.	9	9	7	8	félagsmenn
· <b>D-gjald</b> er 20% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn.	6	6	10	11	félagsmenn
· <b>Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri</b> , er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi.	5	4	4	4	félagsmenn

Þrjár umsóknir bárust um inngöngu í félagið á síðastliðnu starfsári og tvær nemaumsóknir.

## 9. Umsókn LBHÍ um viðurkenningu á Bsc námi hjá IFLA Europe

Umsóknarferli LBHÍ um viðurkenningu á Bsc námi í umhverfisfræði hófst fyrir nokkrum misserum og var afgreidd á síðata ári. Viðurkenningin gildir í 2 ár, 2020-2022 og skal þá tekin til endurskoðunar. FÍLA mælti með viðurkenningunni til IFLA Europe og hafði í ferlinu lagt áherslu á að nafni brautarinnar yrði breytt í Bsc nám í landslagsarkitektúr.

LBHÍ þarf væntanlega að endurnýja umsókn sína síðar á þessu ári og mun þá væntanlega þurfa að fá meðmæli FÍLA.

## 10. Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál

Eftirfarandi samkeppnir voru haldnar skv. samkeppnisreglum FÍLA.

- Langisandur Akranesi. Dómnefndarfulltrúi FÍLA Hermann Georg Gunnlaugsson. Tillaga Landmótunar og Sei arkitekta hlutskörpust.
- Áningarstaður við Bjólf Seyðisfirði. Dómnefndarfulltrúi FÍLA var Oddur Hermannsson. Tillaga Arkibýgg arkitekta, Esja Architecture, Önnu Kristínar Guðmundsdóttur og Kjartans Mogensen landslagsarkitekta varð hlutskörpust.
- Lækjartorg, Austurstræti, Bankastræti Reykjavík. Dómnefndarfulltrúi FÍLA var Hlín Sverrisdóttir. Tillaga Sprint Studio, Landslagsarkitektastofu Karrens en Brands í samvinnu við Auði Sveinsdóttur landslagsarkitekt varð hlutskörpust.
- Leiðarhöfði Höfn í Hornafirði. Dómnefndarfulltrúi FÍLA var Hermann Ólafsson. Tillaga Landmótunar, Hjark og Sastudio hlaut 1. verðlaun.

Önnur dómnefndarstörf FÍLA félaga:

Lilja Kristín Ólafsdóttir í dómnefnd í hönnunarsamkeppni fyrir áningastað í miðbæ Mosfellsbæjar í samstarfi við Hönnunarmiðstöð.

Birkir Einarsson í dómnefnd í hönnunarsamkeppni um Brú/stokk tengingu milli hverfa yfir Reykjanesbraut í Kópavogi

Ólafur Melsted í dómnefnd opinnar skipulagskeppni fyrir Breið Akranesi, AÍ og þróunarfélag Brims og Akraneskaupstaðar.

*Sjá nánar skýrslu samkeppnisnefndar í viðauka.*

## 11. Kynningarmál

### Heimasíða FÍLA

Heimasíðan er lykill að upplýsingum um hvað félagið hefur að bjóða bæði almennum notanda og félagsmönnum. Ritari FÍLA hefur séð um að koma fréttum og málefnum þar inn. Að undanfögnu hefur verið til skoðunar og í undirbúningi að flytja heimasíðuna undir heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar, þar sem hin aðildarfélögin hafa einnig sínar heimasíður. Á heimasíðu hönnunarmiðstöðvarinnar er unnið með Kodo í forritun á nýju síðunni en síðan sjá þau sjálf um að útbúa veftré, flokka og setja inn á síðuna.

Unnið er með 2 möguleika. Að hafa grunnupplýsingar undir Hönnunarmiðstöð og síðan tengil inn á okkar heimasíðu. Eða að flytja heimasíðuna undir heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar (eins og AÍ hefur gert) en þá þarf samt að tryggja að ef slegið er inn fila.is, þá flytjist notandi sjálfkrafa inn á rétta heimasíðu.

## Facebooksíða FÍLA

Facebooksíðan FÍLA – hópur fyrir félagsmenn, er virk og setja félagsmenn þar fréttir og tilkynningar. Þar geta allir sett inn tilkynningar og efni skylt faginu og fésbókin er lifandi miðill sem er hægt að nota, en á þó ekki að koma í stað heimasíðu. Það hefur komið til tals að virkja síðu sem myndi ná útfyrir félagsmenn og vera kynningarsíða og verður það skoðað í tengslum við nýja heimasíðu undir hatti Hönnunarmiðstöðvar.

## Ritnefndafulltrúar FÍLA og tímarit um hönnun og arkitektúr HA

Tímaritið HA hefur verið gefið út frá, en útgáfu hefur nú verið hætt, tímabundið a.m.k. Útgáfan hefur gengið upp og ofan á undanförunum árum og höfðu formenn aðildarfélaga í Hönnunarmiðstöð haft útgáfu HA undir ströngu eftirliti og aðhaldi. Það mun væntanlega skýrast á næstu misserum hvort eitthvað verði af rafrænni útgáfu í tengslum við heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar.

## Greinar í blöð

Grein í Bændablaðinu 7. apríl 2022 fjallaði um Garðar – lifandi minjar. Einar E. Sæmundsen kynnti verkefnið einnig á aðalfundi SAMGUS 8. apríl 2022.

## 12. Samráð, samstarf og samskipti

- **Samvinna AÍ, FHI, FÍLA og BFÍ við Öryrkjabandalagið og Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun**

Þessi félag funduðu nokkrum sinnum á vormánuðum 2022 og þann 5. maí 2022 var skrifuðu fulltrúar þeirra undir viljayfirlýsingu sem er svo hljóðandi:

*Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ), Arkitektafélag Íslands (AÍ), Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA), Félag húsgagna- og innanhússarkitekta (FHI), Byggingafræðingafélag Íslands (BFÍ) og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) lýsa yfir vilja til samstarfs við að bæta upplýsingar og leiðbeiningar fyrir hönnuði og fagaðila í mannvirkjagerð og skipulagsmálum með áherslu á aðgengi fyrir fatlað fólk og algilda hönnun.*

*Samningsaðilar munu meðal annars vinna að gerð upplýsinga og leiðbeininga og halda fundi og vinnustofur með það fyrir augum að auka vitund um þarfir fatlaðs fólks í manngerðu rými og þróa hugvitssamar lausnir sem bæta aðgengi og auka lífsgæði.*

- **Viðræður AÍ við Fræðagarð.** Þau buðu FÍLA að vera með í kynningu á Fræðagarði 17. nóv. 2021. Fræðagarður er 3300 manna stéttarfélag, stærst aðildarfélaga innan BHM. Ef AÍ hyggst flytja sig yfir munu áunnin réttindi þeirra haldast óbreytt.
- **Fundur AÍ og FÍLA um samkeppnismál 10. nóv. 2021.** Þar var m.a. rætt um hvort samræma þyrfti samkeppnisreglur, áhersla lögð á að sem oftast væri dómnefndarfulltrú frá hinu félaginu og hvort mögulega ætti að hafa sameiginlegt námskeið fyrir dómnefndarfulltrúa.
- **Samvinna LBHÍ og FÍLA**

Á þessu starfsári hefur Hermann Georg Gunnlaugsson verið brautarstjóri þar sem Kristín Pétursdóttir var í ársleyfi. Ekki liggur fyrir hvernig framhaldið verður með brautarstjóra á næsta ári þegar þetta er ritað.

Fulltrúar úr stjórn FÍLA og garðsöguhópi FÍLA funduðu með brautarstjóra haustið 2021 um málefni friðlýsinga garða og verndaráætlana sem gera þarf í framhaldi af friðlýsingunum. Brautarstjóri sótti í framhaldi um styrk í Nýsköpunarsjóð námsmanna og fékk úthlutað styrk til fjögurra nemenda til að vinna að verkefni *Verndaráætlanir friðlýstra garða*.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár, þá eru veitt verðlaun fyrir góðan námsárangur við útskrift Bsc nema við landslagsarkitektúr við LBHÍ, sem fram fór í júní 2021. FÍLA gaf bók Einars E. Sæmundsen *Að skapa ofurlitinn skemmtigarð* við það tilefni.

- **Myndstef.** FÍLA er aðili að Myndstefi og var undirritun aðildarsamnings samþykkt á fulltrúaráðsfundi 15. mars 2021. Myndstef eru hagsmunasamtök á sviði höfundarréttar að myndverkum og gegnir því hlutverki að vernda höfundarrétt félagsmanna vegna birtingar á verkum þeirra til almennings og vegna annarrar hliðstæðrar notkunar.

### 13. Verðlaun og viðurkenningar

*Enginn landslagsarkitekt eða landslagsarkitektastofa hlaut verðlaun Hönnunarmiðstöðvar í ár.*

### 14. Miðstöð Hönnunar og Arkitektúrs

**Hönnunarmiðstöð** er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Inga Rut Gylfadóttir er fulltrúi FÍLA í stjórn miðstöðvarinnar. Hönnunarmiðstöð er nú til húsa í Grósku, Bjargargötu 1, sem er í Vatnsmýrinni, frá 2020. Nafni miðstöðvarinnar hefur verið breytt úr Hönnunarmiðstöð í **Miðstöð Hönnunar og arkitektúrs**, MHA, en það þykir endurspeglar betur eðli og breidd þeirra aðildarfélaga sem standa að miðstöðinni, en af 9 félögum eru 3 arkitektafélög; FÍLA, AÍ og FHI. Halla Helgadóttir er framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar og auk hennar eru 5 starfsmenn, sumir í hlutastarfi.

Stjórn Miðstöðvarinnar var breytt á aðalfundi 10. júní 2021 og í stað 9 manna stjórnar áður er nú svokölluð rekstrarstjórn þar sem sitja 3 fulltrúar aðildarfélaganna auk tveggja stjórnarmanna úr atvinnulífinu. Áfram er svokallað fulltrúaráð sem samanstendur af fulltrúum allra 9 aðildarfélaganna. Áætlað var að funda með fulltrúaráðinu tvisvar á ári.

Aðstaða miðstöðvarinnar í hugmyndahúsinu Grósku er með besta móti en auk skrifstofu er þar lítið fundarherbergi og fundarsalur, *Fenjamýri*, sem stendur aðildarfélögum til boða. Í húsinu er einnig ráðstefnusalur sem hægt er að leigja.

Ný heimasíða Hönnunarmiðstöðvar hefur verið opnuð og þar geta aðildarfélögin tengt sínar heimasíður. Til stendur að heimasíður allra aðildarfélaga verði hluti af heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar, en enn verði þó hægt að fara inn á heimasíðu FÍLA gegnum slóðina [www.fila.is](http://www.fila.is).

*Sjá nánar skýrslu fulltrúa í Hönnunarmiðstöð.*

## 15. Siðanefndarmál

Engin mál komu fyrir siðanefnd í ár.

## 16. Framtíðarsýn og næstu verkefni

- Vorferð 20. maí næstkomandi. Sem uppbót fyrir jólafundinn, sem er helsti skemmtifundur félagsins, verður farið í snekkjuferð 20. maí næstkomandi.
- Áframhald á útfærslu aprílmánaðar sem mánuð landslagsarkitektúrs og dagur íslensks landslagsarkitektúrs. Á að festa hann?
- Samstarfssamningur FÍLA og LBHÍ og umsókn LBHÍ um viðurkenningu IFLA Europe, en núverandi viðurkenning gildir einungis til 2022.
- Viljayfirlýsing FÍLA og annarra fagfélaga við ÖBÍ. Rætt hefur verið um sameiginlega ráðstefnu um aðgengismál en það hefur ekki verið ákveðið.

## 17. Viðaukar:

Skýrslur nefnda og vinnuhópa:

- I. Dagskrárnefnd
- II. Laganefnd
- III. Samkeppnisnefnd
- IV. Menntanefnd
- V. IFLA-fulltrúi
- VI. Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöð
- VII. Orðanefnd
- VIII. Garðsöguhópur FÍLA
- IX. Siðanefnd

## I. DAGSKRÁRNEFND FÍLA

Hlutverk dagskrárnefndar er að skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundi o.fl. tengt þeim.

Nefndina skipa:

Marta María Jónsdóttir  
Ulla Rolfsigne Pedersen  
Halla Hrund Pétursdóttir

ÁRNSKYRSLA



## **II. LAGANEFND FÍLA**

Nefndina skipa:

Ingvar Ívarsson, Arnar Birgir, Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir

## **III. SAMKEPPNISNEFND FÍLA**

Starf samkeppnisnefndar var nokkuð líflegt á síðasta starfsári en helstu verkefni voru eftirfarandi:

Dómnefndarfulltrúi

Nefndina skipa:

Hlín Sverrisdóttir formaður, Björn Ingi Edvardsson og Ólafur Melsted.

#### **IV. MENNTANEFND FÍLA**

Nefndina skipa:

Ragnar Frank Kristjánsson, formaður, Hildur Dagbjört Arnardóttir og Guðmundur Rafn Sigurðsson.

ÁRNSKYRSLA

## V. IFLA FULLTRÚI

FÍLA hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaga, þ.e. IFLA Europe og IFLA World. IFLA-fulltrúi FÍLA er Fríða Björg Eðvaldsdóttir og er hún tengiliður félagsins við IFLA og IFLA Europe.

ÁRNSKYRSLA

## VI. FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ

Inga Rut Gylfadóttir

ÁRNSKYRSLA

## VII. ORÐANEFND FÍLA

Orðanefndin hefur ekkert aðhafst á árinu 2020.

Nefndina skipa:

Auður Sveinsdóttir

Áslaug Traustadóttir

Stefán Jónsson

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir

ÁRSGJAFI

## **VIII. GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA**

Nefndina skipa:

Einar E Sæmundsen

Auður Sveinsdóttir

Ásta Camilla Gylfadóttir

Þórhildur Þórhallsdóttir

## **IX. SIÐANEFND FÍLA**

Nefndina skipa:

Þórólfur Jónsson formaður

Erla Bryndís Kristjánsdóttir

Guðmundur Rafn Sigurðsson

Áslaug Traustadóttir